

## Hverfisráðs Raufarhafnar 28.10.2020 kl 15:45

Mættir voru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Kristinn Hrannar Hjaltason, Ragnar Tómsson og Bergdís Jóhannsdóttir, einnig sat fundinn Nanna Höskuldsdóttir. Fundurinn haldin í félagsheimilinu Hnitbjörg.

### Fundargerð:

- 1) Kristján sveitastjóri og Berglind skrifstofustjóri Norðurþings komu á fundinn og fóru yfir ýmis mál tengd fundarskópum, samþykktum hverfisráðanna og tilgangi. Gott spjall í framhaldinu og yfirlágu fundinn kl 16:50
- 2) Viðhaldslisti eigna á Raufarhöfn. Hverfisráð fór yfir viðhaldslista sem sendur var inn 2019 og hann uppfærður. Margar eignir á Raufarhöfn eru búnar að vera í viðhaldspörf í fjölda ára. Það er því nauðsynlegt að framkvæmdir og viðhald haldi áfram jafnt og þétt. Hverfisráð leggur sérstaklega áherslu á þakskipti á ráðhúsi, kvennaklösett, þakviðgerðir og mûrskemmdir til að stöðva leka í félagsheimili.

Einnig ítrekar hverfisráð það að reynt sé eftir fremsta megni að ráða heimamenn í þessi verk. Það hefur góð samfélagsáhrif sem og sparar mikinn ferðakostnað.

#### a) Grunnskóli Raufarhafnar

- Klæða þarf norðurhlið skólans sem fyrst.
- Skipta þarf um glugga.

#### b) Sundlaugarrými

- Hljóðvistunarmál- setja aftur upp loftaplötur- hávaðamengun í rýminu er hættuleg eins og staðan er í dag.
- Mála sturtuklefa.

#### c) Íþróttahús

- Endurnýja þarf ljós í íþróttasalnum.

#### d) Félagsheimilið Hnitbjörg.

- Kvenna WC
- Nauðsynlegt er að gera við þak hússins, húsið liggur undir skemmdum.
- Skipta þarf um glugga.
- Klæða þarf húsið að utan sem fyrst.

#### e) Stjórnsýsluhús

- Skipta um þak.

MS BLJ RT KHH

**f) Hafnarmannvirki**

- Laga gat á jökulskanti og kirkjukanti
- Fá hurðar í masturshús á hafnabryggju og í innsiglingaskúr við Hjaltabakka
- Laga smábátakant eftir stórviðrið Des 2019
- Setja nýja stiga á jökulskant og ljós í þá, einnig að setja ljós í stiga við SR-bryggju
- Fá ljós á enda á hafnabryggju
- Klára að dekkja bryggjur
- Dýpkunaraðgerðir nauðsynlegar

**g) Gangstéttir í þorpinu- nauðsynlegt er að lagfæra gangstéttir jafnt og þétt í þorpinu öllu.**

**3) Tjaldstæði Raufarhafnar.** Hverfisráð hefur ýmsar hugmyndir varðandi tjaldstæði og framtíðarfyrirkomulag á því. Hverfisráð óskar eftir að settur verið í gang vinnuhópur þar sem aðilar hverfisráðs og stjórnsýslu komi saman að því að finna ásættanlega niðurstöðu tímalega fyrir vorið 2021

**4) Eftirlistmyndavélar.**

Hverfisráð ítrekar óskir um að settar verði upp eftirlistmyndavélar við austur- og vesturenda aðalgötunnar er liggur gegnum bæinn. Hrina endurtekenna innbrota um hábjartan dag, hefur skaðað fjárhagslega og skapað óhug og óöryggi íbúa og fyrirtæki á Raufarhöfn og nágrenni undanfarin misseri. Samhliða þessu er óskað eftir nágrannavörslumerkingum í þorpið.

**5) Vefmyndavél á hafnarsvæði Raufarhafnar**

Hverfisráð óskar eftir því að sett verði upp vefmyndavél á hafnarsvæði og að hún verði aðgengileg á heimasíðu Norðurþings.

**3) Hverfisráð ítrekar ósk sína vegna ærslabelgs á Raufahöfn.** Og vonast til að hægt verði að gera ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 eins og lagt var upp með þegar slíkir belgir voru settir upp á Kópaskeri og á Húsavík sumarið 2019

Fundi slitið 18:00

Ragnheiður Þórsson Kristinn Hróðnær Hjaltason  
Ingibjorg Ólafsdóttir, Þorodóla Jóhannsdóttir